

Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum 2020

1.grein

Gjaldskrá þessi er unnin í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761 frá 2006.

2.grein

Gjald fyrir íbúðir:

Sorphreinsun á íbúð 17.788 kr. á ári

Sorpeyðingargjald á íbúð 40.183 kr. á ári

Heiti	pr/m3	Skýring
Óflokkaður blandaður rekstrarúrgangur	21.493 kr.	Óflokkaður úrgangur, t.d. lífrænn úrgangur blandaður rekstrarúrgangi.
Blandaður Rekstrarúrgangur	14.331 kr.	Almennt sorp, veiðafæri, spillt endurvinnsluefni
Lífrænn úrgangur	4.093 kr.	Ómengaður lífrænn úrgangur (ekkert plast eða utanaðkomandi, sláturúrgangur er undanskilinn v/beina)
Ólitað timbur	4.093 kr.	Bretti - ómálað timbur
Litað timbur	6.823 kr.	Gagnavarið, málað, spónlagt o.fl.
Óvirkur úrgangur (urðun)	4.093 kr.	Gler, jarðvegur, steypubrot
Endurvinnsluefni	0 kr.	Pappi, plast, hjólbarðar, málmar, landbúnaðarplast,raftæki
Garðaúrgangur	0 kr.	Gras, trjágreinar,lauf
Annað		Skv tilboði.
Spilliefni		Skv. gjaldskrá móttökustöðva (Efnamóttakan)
Sóttmengaður úrgangur		Skv tilboði

Öll verð eru án VSK

Undanþegnir grunngjaldinu eru þó félagasamtök án skrifstofu, og fyrirtæki sem ekki eru í rekstri. Álag á pressað sorp skal vera 100%. Heimilt er að innheimta kostnað vegna umfram meðhöndlunar á úrgangi frá úrgangshafa, gjöld vegna þessa skulu ekki vera hærri en sem nemur raunkostnaði vegna umfram meðhöndlunar.

Undanþeginn magngjaldtöku eru bifreiðar sem bera úrvinnslugjald.

3.grein

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á vef bæjarins www.vestmannaeyjar.is/sorp eða í síma 4882530. Allar upphæðir eru án vsk.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 23.janúar 2020, staðfestist hér með, skv. 5. mgr 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum.

Vestmannaeyjum 23.janúar 2020

Ólafur Þór Snorrason,
framkvæmdastjóri